

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands Askja (örverur)



| | | | |
|---------------------|-------------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 11.5.2021 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir |
| Fyrirtæki | Háskóli Íslands | Eftirlitsmaður | |
| Heimili | Sturlugata 7 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 600169-2039 | Flokkur | Erfðabreyttar lífverur |
| Fulltrúi fyrirtækis | Ólafur S. Andrésson | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Zophonías Oddur Jónsson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik er varða geymslu á erfðabreyttum örverum og skrá yfir úrgang. Staðfestar voru úrbætur vegna eldra fráviks er varðar geymslu á erfðabreyttum örverum utan þeirra stofa sem tilgreindar eru í leyfinu.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Líf- og umhverfisvísindadeildar fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2)
- Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3)
- Skoðunarferð

Rekstraraðila er heimil starfsemi með erfðabreyttar örverur af afmörkunarflokki 1, með plasmíð og klónuð gen í *Escherischia coli*, *Saccharomyces* og *Nostoc sp.* í herbergjum nr. 350, 352, 387, 388, 389, 390 og 195 í Öskju. Í eftirliti 2019 kom fram frávik þar sem erfðabreyttar örverur voru í geymslu á gangi framan við rannsóknastofurnar. Í eftirliti nú var staðfest að rekstraraðili hefði brugðist við frávikinu, erfðabreyttar örverur eru ekki lengur geymdar fram á gangi og skápar greinilega merktir. Þá kom fram að erfðabreyttar örverur eru geymdar í frystum í herbergi 194 sem ekki er tilgreint í leyfi. Rætt var um að rekstraraðili myndi sækja um breytingu á leyfi þar sem þessu herbergi væri bætt við. Jafnframt var rætt að tvær stofur lífefnafræðinnar, þar sem fara fram rannsóknir með erfðabreyttum örverum, yrðu hafðar með í umsókn rekstraraðila um breytingu á leyfinu.

Rætt var um skráningu úrgangs og farið yfir hvernig meðhöndlun, skráningu og förgun hans er háttað. Fram kom að rekstraraðili heldur ekki skrá yfir þann úrgang sem fellur til, sbr. gr. 2.1 í leyfinu, og telst það því frávik.

Farið var yfir þjálfun starfsfólks, fram kom að í venjulegu árferði væri námskeið fyrir þá sem nota rannsóknastofurnar en undanfarið ár hafi verið einstaklingsmiðuð þjálfun. Rætt var um að rekstraraðili kæmi sér upp handbók (möppu) varðandi leyfið. Fram kom að hver einstaklingur héldi vinnubók varðandi sínar rannsóknir.

| Frávik frá | Lýsing á frávik |
|-----------------|--|
| gr. 1.2 í leyfi | Erfðabreyttar örverur eru geymdar í frystum í herbergi 194 sem ekki er tilgreint í leyfinu. |
| gr. 2.1 í leyfi | Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum hans. Rekstraraðili heldur ekki skrá yfir þann úrgang sem til fellur. |

ANNAÐ

Frá og með 1. nóvember 2021 verður Zophonías Oddur Jónsson tengiliður rekstraraðila.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.06.2021



Sigríður Magnúsdóttir

